



# Skólaráðsfundur

**Dagsetning:** 27. nóvember 2017

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Guðrún Björg fulltrúi foreldra, Edda og Helga Eyja fulltrúar kennara, Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans. Kristín Sara og Nicolas Leó fulltrúar nemenda eru í nemendaferð í Danmörku.*

## 1. Fjárhagsáætlun 2018

Tímaúthlutun kemur í vor. Drög eru komin að fjárhagsáætlun og á að bæta við viðhaldshluta skólans. Mála þarf veggi, laga útihurð, gólfduka og fleira. Laga þarf leka í þakgluggum. Endurnýja myndavélakerfi skólans ásamt verkefnum utandyra. Spurt var hvort ekki væri gert ráð fyrir að koma í veg fyrir að nemendur komist upp á þak. Þetta er brýnt öryggisins vegna. Væri ekki betra að vera með klifurvegg til að nemendur fái útrás í að klifra. Fara þarf yfir grindverk hvort þau eru í lagi svo ekki sé slysaætla. Búið er að skemma hliðið við gervigrasvöllinn.

## 2. Skólamatur – Hvernig hefur til tekist?

Almenn gleði er með matinn frá Skólamat. Taka þarf á að allir nemendur í 1. bekk séu í mat. Allt er snyrtilegra í kringum matinn og gengur vel. Það á alltaf að vera hliðarréttur alla daga.

## 3. Starfsáætlun 2017 – 2018

Verður tekin til umfjöllunar á næsta fundi.

## 4. Önnur mál

- Tímasettir voru fundir skólaráðs til vors en þeir eru 5. febrúar, 5. mars, 9. apríl, 7. maí.
- Jólafundur foreldrafélagsins er miðvikudaginn 6. desember kl. 16 – 18.
- Auglýst er eftir kennara í Bjarg í forföll. Einnig er verið að auglýsa eftir skólaritara.
- Verið er að mynda starfshóp heimilis og skóla í Hafnarfirði.

Fundi slitið kl. 15:55.

Samantekt skráði: Sigrún Einarsdóttir.